

L Ö G

22

12. febr.

um breyting á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

a. Í stað 1. málsl. 3. málsgr. 3. gr. laganna kemur:

Nú byggir landsdrottinn ekki jörð sína fyrir 15. marz, og skal honum þá skylt, að viðlagðri allt að 3000 kr. sekt til ríkissjóðs, að bjóða sveitarstjórn að ráðstafa ábúð á jörðinni gegn hæfilegu eftirgjaldi. Ef ágreiningur verður um eftirgjald, skulu úttektarmenn meta, en hver aðili um sig getur krafizt yfirmats samkv. 53. gr.

b. Aftan við sömu málsgr. bætist: Mál út af brotum gegn ákvæðum þessarar málsgreinar skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

23

12. febr.

um breyting á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Heimilt er hreppsnefnd með samþykki sýslunefndar og bæjarstjórn með samþykki ráðherra að ákveða gjaldþaga og innheimtu á útsvörum sem hér segir:

a. Frá byrjun næsta mánaðar eftir að niðurjöfnun útsvara er lokið er sérhver kaupgreiðandi, sem hefir fasta starfsmenn í þjónustu sinni, hvort sem kaup